

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (innri endurskoðun, skilyrði til greiðslu örorkulífeyris, meðferð framlags til starfsendurhæfingar, fjárfestingarheimildir, leyfilegur munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga o.fl.).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Gunnar Björnsson, Anna Valbjörg Ólafsdóttir og Lilja Sturludóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Að 12. gr. undanskilinni er efni frumvarpsins hliðstætt efni tveggja frumvarpa sem lögð voru fram á síðasta löggjafarþingi (469. og 625. mál). Þau frumvörp afgreiddi nefndin ekki þótt hún hefði aflað umsagna og tekið á móti nokkrum gestum.

Að mati meiri hlutans fela flestar greinar frumvarpsins í sér tillögur um tæknilegar breytingar settar fram í þeim tilgangi að samræma hugtaka- og orðanotkun á sviðum löggjafar þar sem skörunar gætir.

Á undanförnum missirum hafa stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins unnið að tillögum um eitt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Ýmis atriði eru enn óútkljáð í þeirri vinnu. Að mati meiri hlutans er rétt að veita aukinn tímafrest til að leiða þá vinnu til lykta. Slík tillaga felst í b-lið 12. gr. þar sem lagt er til að lífeyrissjóðunum verði heimilað að hafa meiri munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga en nemur 10%. Er heimildinni ætlað að gilda í allt að sex ár frá og með árinu 2008.

Frumvarpið var lagt fram 11. september sl. og mælt fyrir því degi síðar. Á fundi nefndarinnar var sú skoðun almenn að tiltekna greinar frumvarpsins þörfnuðust viðameiri yfirferðar en möguleg væri á þeim skamma tíma sem eftir er af líðandi löggjafarþingi. Til þess að sú vinna tefji ekki þær breytingar sem lagðar eru til í öðrum greinum leggur meiri hlutinn til þá breytingu á frumvarpinu að þrjár greinar verði felldar brott.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. 2. gr. falli brott.
2. 8. gr. falli brott.
3. 13. gr. falli brott.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (innri endurskoðun, meðferð framlags til starfsendurhæfingar, form og efni fjárfestingarstefnu, leyfilegur munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga o.fl.).

Steingrímur J. Sigfússon var fjarverandi við afgreiðslu málsins en er fylgjandi afgreiðslunni og ritar undir álit þetta, sbr. 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fyrir fastanefndir Alþingis.

Alþingi, 16. september 2013.

Frosti Sigurjónsson,
form.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
frsm.

Willum Þór Þórsson.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Guðmundur Steingrímsson. Líneik Anna Sævarsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.

Vilhjálmur Bjarnason.